



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 8.tbl.

September 2017

**Björgunarsveitin Sigurgeir kynnir:**



Hljómsveitin **FlashBack** leikur fyrir dansi

18 ára aldurstakmark - Miðaverð 2500 kr.

Húsið opnar kl. 22 - Pokaball og barinn opinn



**Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:**  
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)

**Starfsmaður í Áhaldahúsi**

**Ari Einarsson 893-4426** [ari@skeidgnup.is](mailto:ari@skeidgnup.is)

**Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016**

**Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.okt.2017.**

**Ritstjóri:** Kristjana H. Gestsdóttir [kidda@skeidgnup.is](mailto:kidda@skeidgnup.is)

**Ábyrgðarmaður:** Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

## **Opnunartími gámasvæða.**

### **Við Árnes opið:**

**priðjudaga kl. 14:00 - 16:00**

**laugardaga kl. 10:00 - 12:00**

### **Í Brautarholti opið:**

**miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00**

**laugardaga kl. 13:00 - 15:00**

**Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!**

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

***Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa***

*Alla daga, allan daginn.*

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

***Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.***


***Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna***

**893-7016 eða 462-5301.**

## **Þjónusta vegna ljósleiðara!**

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

[skj@internet.is](mailto:skj@internet.is) - Sigvaldi K Jóns. og [nonniasum@gmail.com](mailto:nonniasum@gmail.com) -Jón Hákonarson.





Skeiða – og Gnúpverjahreppur óskar eftir aðilum til að reka fjallaskálann í Hólaskógi á Gnúpverjaafrétti árið 2018 möguleiki er á framlengingu. Um er að ræða tveggja hæða hús í góðu ástandi, byggt úr timbri árið 1998. Gistirými er fyrir allt að 60 manns. Flatarmál hússins er samtals 268,6 fermetrar eða 856 rúmmetrar. Það stendur á 2.500 fermetra lóð.

Nánari upplýsingar veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri í síma 486-6100 eða 861-7150. Umsóknum með greinargóðum upplýsingum um rekstrarhugmyndir berist á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða netfangið: [kristofer@skeidgnup.is](mailto:kristofer@skeidgnup.is) fyrir 20. september næstkomandi.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

## **Könnun um sorphirðu og flokkun úrgangs!**

Ákveðið hefur verið að gera könnun á viðhorfi fólks til flokkunar og þjónustu vegna sorphirðu í sveitarfélaginu. Þetta er gert til þess að reyna að átta sig á því hvort og þá hvaða vandamál eru til staðar og hvað veldur því að flokkun er ekki meiri en raun ber vitni um. Flokkun úrgangs á heimilum í sveitarfélaginu er alls ekki eins góð og vera skyldi og hefur dalað! Kostnaður hefur aukist verulega í þessum málaflökki og er nú með því hæsta sem gerist! Hverju sætir? Það verður því bráðlega sent bréf til ykkar íbúar góðir um þessi mál og biðjum við ykkur að svara af einlægni. Það er liður í því að geta tekið á þessu og fundið hjá okkur hvata og gleði í að standa saman og gera vel. Ef ekkert breytist verða ekki aðrar leiðir færar en að snarhækka gjöld í þessum málaflökki og það er alls ekki það sem við viljum. Við minnum á að **árið 2021** er viðmiðið að urða einungis 5% af sorpi og því markmiði viljum við ná. Setjum markið hátt og verðum eitt af leiðandi sveitarfélögum í þessum málaflökki.

Með bestu kveðju, Kristófer.

**Hundafangari sveitarfélagsins:**  
**Ragnar Sigurjónsson sími:**  
**859-9559.**



**Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770**  
**Opið virka daga kl. 08:00 -16:00**

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30  
Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

**Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000**  
**Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700**

**Lyfja– útibú í Laugarási**

**Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.**

**Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181**

[www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is) Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is)

**Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:**

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, [sigurjon@laugaras.is](mailto:sigurjon@laugaras.is) sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu [sigrun@laugaras.is](mailto:sigrun@laugaras.is)

**Lífræni markaður Skaftholts**

**opinn alla laugardaga frá 14:00 -17:00**

**Lífrænt grænmeti, ostur, egg  
og sitthvað fleira í  
boði.**

**Kveðja.**

**Heimilsfólkið Skaftholti.**



# **Fjárréttir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2017**

**Skaftholtsréttir, föstudaginn 15. september.**

Fé rekið inn kl. 11:00.



**Reykjaréttir, laugardaginn 16. september.**

Fé rekið inn kl. 09:00.

Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilegar tafir vegna fjárrekstra verða á vegi 32 - Þjórsárdalsvegi, **fimmtudaginn 14. september:**

frá Búrfellsvirkjun að Ásólfstöðum (Vikrar) kl. **12:00 - (ca) 15:30.** og aftur sama dag frá Gaukshöfða að Fossnesi kl. **ca 18:00—21:00.**

**Föstudaginn 15. sept.**

Tafir á Þjórsárdalsvegi nr. 32 Fossnes—Skaftholtsréttir kl. 07:30 til kl. 13:00 (hjáleik fær um Löngudælaholt og Hamrasheiði) Einnig geta orðið miklar tafir sama dag kl. 16:00 - 20:30 frá Árnesi að Reykjaréttum.

**Laugardaginn 16. sept** geta orðið lítilsháttar tafir frá kl. 13:00 á Skeiðavegi, nr. 30. frá Reykjaréttum og eitthvað niður Skeið. Sveitarstjóri.

## **Leikfimi fyrir konur verður í Brautarholti í vetur.**

Nýtt 6 vikna námskeið byrjar 19. sept og verður tvisvar í viku; á þriðjudögum og á fimmtudögum frá kl. 19-20.

Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar.

Námskeiðið kostar 9.000 kr með húsaleigu – einnig er hægt að taka hálf námskeið og kostar það þá 4.500 kr. - Þjálfari er Elin Moqvist.

Allar velkomnar.





## Staða undirbúnings og framkvæmda

Landsvirkjun hefur um árabil unnið að rannsóknum og undirbúningi fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Ef af framkvæmdum verður mun virkjunin verða staðsett á stærsta aflsvæði Landsvirkjunar, Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, en þar eru fyrir sex vatnsaflsstöðvar. Þann 1. júlí 2015 var þingsályktunartillaga um að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í orkunýtingarflokk samþykkt á Alþingi.

Undirbúningur Hvammsvirkjunar miðar að því að þegar og ef tilskilin leyfi fyrir virkjuninni fást og ákveðið verður að ráðast í framkvæmdir, verði hægt að gangsetja hana þremur og hálfu ári síðar. Undirbúningur framkvæmdasvæðisins austan ár gæti fyrst hafist árið 2018, þá með gerð aðkomuvegar frá Hvammsvegi, undirlags undir búðasvæði og veitu að svæðinu.

Skilyrði Skipulagsstofnunar og Umhverfissráðherra frá mati á umhverfisáhrifum 2003, svör Landsvirkjunar á mismunandi skipulagsstigum virkjunarinnar og stefna Landsvirkjunar í umhverfismálum skila sér í mótvægisáðgerðum, vöktun á virkni þeirra og viðbragðsáætlunum í samstarfi við ráðgjafa og ýmsar stofnanir.

### **Framkvæmdir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi**

Hvammsvirkjun yrði í tveimur sveitarfélögum; Rangárþingi ytra, þar sem stöðvarhús og flest mannvirki verða staðsett, og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þar sem inntakslón virkjunarinnar; Hagalón, liggur upp að Þjórsárdalsvegi. Framkvæmdir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi felast einkum í breytingum á Þjórsárdalsvegi þar sem hann verður færður að Þjórsá á ríflega 5 km kafla við Haga, hækkun og lítilsháttar færslu á Þjórsárdalsvegi við Minni-Núp og Fossnes ásamt ræsi við Þverá, færslu á stuttum kafla Gnúpverjavegar við Þverá, ásamt tilheyrandi breytingum á reiðleiðum og eftir atvikum gönguleiðum, landfyllingu í landi Haga, gerð vegar/stíflugarðs frá Þjórsárdalsvegi að stíflu í landi Minni-Núps.

Þá yrðu framkvæmdir vegna Búðavegar og nýrrar brúar yfir Þjórsá ofan Búðafoss að hluta í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en vegurinn verður gerður ef til virkjunar kemur.

### **Fallist á framkvæmdina með mati á umhverfisáhrifum árið 2003**

Árið 2003 voru metin áhrif Hvammsvirkjunar á tólf umhverfisþætti og féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með fimm skilyrðum. Úrskurður stofnunarinnar var kærður og Umhverfissráðherra staðfesti hann en bætti tveimur skilyrðum við. Þar sem framkvæmdir voru ekki hafnar tíu árum eftir álit Skipulagsstofnunar gat stofnunin farið fram á að matið í heild eða að hluta yrði endurtekið, að því gefnu að

## **Ákveðið að endurtaka mat á umhverfisáhrifum á tvo umhverfisþætti**

Haustið 2015 fékk Landsvirkjun verkfræðistofuna Eflu til að vinna rýnskýrslu þar sem lagt var mat á hvort forsendur mats frá 2003 hefðu breyst verulega. Í desember 2015 ákvað Skipulagsstofnun, að teknu tilliti til 50 athugasemda frá almenningi og umsagna lögbundinna umsagnaraðila við rýnskýrslu Eflu ásamt svara Landsvirkjunar, að endurtaka skyldi mat á áhrifum á tvo umhverfisþætti;

1) landslag og ásýnd lands og 2) ferðaþjónustu og útivist, en mat frá 2003 á áhrifum á hina tíu þættina er í fullu gildi. Í janúar 2016 kærðu fimm aðilar ákvörðun Skipulagsstofnunar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála en nefndin hefur ekki skilað úrskurði sínum.

## **Matsáætlun og rannsóknir 2016**

Vorið 2016 var unnin matsáætlun þar sem rannsóknaraðferðum og efnistökm fyrirhugaðs mats er lýst. Matsáætlun er grunnur að matsskýrslu og gerð til að tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar verði í matsskýrslu. Samþykkti Skipulagsstofnun matsáætlunina að teknu tillit til athugasemda og umsagna lögbundinna umsagnaraðila ásamt svara Landsvirkjunar. Sumarið 2016 hófust loks rannsóknir í samræmi við matsáætlun, m.a. voru gerðar kannanir meðal íbúa.

## **Fjöl margar athugasemdir bárust í opinberu kynningarferli á árinu 2017**

Matsskýrsla sem kallast frummatsskýrsla samræmist matsáætlun og var gefin út í lok maí s.l. og athugasemdafrestur auglýstur til 6. júlí. Á kynningartímabilinu voru haldin opin hús á þremur stöðum; í Árnesi þann 14. júní, á Hellu þann 15. júní og í Reykjavík þann 29. júní. 34 athugasemdir bárust við frummatsskýrslu, þar af 19 frá einstaklingum í Skeiða- og Gnúhverfjahreppi, tvennar frá einstaklingum í Rangárþingi ytra og ferner frá samtökum. Sex umsagnir bárust frá lögbundnum umsagnaraðilum.

Athugasemdir frá einstaklingum og samtökum voru margar yfirgripsmiklar og náðu yfir mun fleiri atriði en snerta beint þá tvo þætti sem eru til mats í þetta sinn. Einnig þeim athugasemdum sem snúa að 1) landslagi og ásýnd lands og 2) ferðaþjónustu og útivist verður svarað í matsferlinu.

## **Næstu skref**

Endanleg matsskýrsla á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar mun byggja á frummatsskýrslu, umsögnum lögbundinna umsagnaraðila, athugasemdum almennings, og svörum Landsvirkjunar sem nú eru í vinnslu. Stefnt er að því að skila matsskýrslu formlega til Skipulagsstofnunar í byrjun október 2017, en þá hefur stofnunin, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, fjórar vikur til að gefa út álit sitt.

Vinnu við breytingu á aðalskipulagi og við deiliskipulag verður fram haldið þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir.



## Leikholts- fréttir í september 2017

Leikskólinn opnaði 8. ágúst eftir fimm vikna sumarfrí og börn og starfsmenn komu kát og hress til starfa. Við erum búin að vera ofsalega heppin með veður í ágúst og höfum því getað verið mikið úti að leika. Við að sjálfsögðu nýtum úti-veruna þegar sólin skín og veðrið er gott, margir “drekkutímar” hafa verið úti í ágúst ásamt gönguferðum um nágrennið.

Núna í september byrjaði hópastarfið og völdu börnin sér nöfn á hópana í sameiningu. Tveir hópar eru í Vörðufelli í þremur árgöngum 2012-2014, Sjóræningja-blómahópur og Kóngulóarhópur. Í Heklu eru tveir árgangar 2015-2016 í tveimur hópum Fluguhópur og Ormahópur.

Í heildina erum við með 26 börn en eigum von á fleirum þegar líður á veturinn. A myndunum má sjá gleði barnanna í leik í útiverunni.

Bestu kveðjur úr  
Leikholti.





## Leikskólinn Leikholt

óskar eftir að ráða leikskólakennara í 77,5% stöðu með möguleika á breyttu starfshlutfalli. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Leitað er að metnaðar-fullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum. Staðan er afleysingastaða ásamt föstum tímum inn á yngri deildinni (1 árs til 2ja ára.)

### Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og sveigjanleiki.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

### Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er Grænfána leikskóli þar vinna 11 starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi, við leggjum áherslu á ART þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn.

Einkunnarorð leikskólans eru: **Gleði, vinsemi og virðing.**

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri

sími 486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á

netfangið [leikholt@leikholt.is](mailto:leikholt@leikholt.is). **Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er**

**heimilt að ráða annan í stöðuna.** Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 24. september 2017.





Til leigu lítið sumarhús, Sæluvellir (fyrir ofan Flatir).  
Gistipláss fyrir 2-4. Allur nauðsynlegur húsbúnaður er til staðar. Tilvalið fyrir réttardaginn! Áhugasamir geta fengið nánari upplýsingar hjá Hákonni Páli.  
Sími 894 4142, netfang [hakon.pall@simnet.is](mailto:hakon.pall@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufyræðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.***

***Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.***



# Kæru íbúar sveitarfélagsins!



Ákveðið hefur verið að þeir sem greiða sorphirðugjald í sveitarfélaginu geta sótt um annað grænt kar (fyrir endurvinnanlegan úrgang).

Hafið samband við skrifstofuna 486-6100.

En þessi mynd sýnir miður fallegan frágang á almennum úrgangi því þetta vitum við að gerist þegar hann er látinn vera í plastpokum úti. Það er gönguhlið t.v. við pokana á myndinni sem er opið, og hægt er léttilega að sippa þessu í gáminn.

Krummi karlinn lætur svona kræsingar ekki lengi fram hjá sér fara!

Sveitarstjóri.



## Skeiða og Gnúpverjahreppur

**Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja**

**Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt.**



**802**

## Kvenfélag Skeiðahrepps.

Einu sinni á ágústkveldi, austur í Þingvallasveit... þannig byrjar fallegt og gott kvæði sem allir kannast við, en það var einmitt á fallegum ágústdegi sem Kvenfélag Skeiðahrepps færði félagsheimilinu að Brautarholti góðar gjafir. Fyrst ber að nefna fullkomið hjartastuðtæki sem er staðsett í mat-salnum í húsinu og öllum aðgengilegt ef á þarf að halda. Félagið keypti 10 mjög fin standborð sem verða notuð við hin ýmsu tækifæri.

Blóm og kósýheit eru okkur konum alltaf svo ofarlega í huga, og því ákváðum við að gera fint fyrir utan leikskólann/félagsheimilið og sundlaugina okkar. Við keyptum stór blómaker hjá BM-Vallá og fylltum þau svo af fallegum plöntum.

Fyrir allmörgun árum fékk kvenfélagið einn af völundarsmiðum sveitarinnar, Eirík heitinn frá Votumýri, til að smíða fallegt útiborð til að setja fyrir utan skólann/félagsheimilið í Brautarholti. Fyrr á árinu ákvað kvenfélagið að láta smíða annað borð eins og Eiríksborðið og einnig að sjá um að koma því gamla í viðgerð. Nú eru borðin líka komin á sinn stað við sundlaugina og félagsheimilið/leikskólann og njóta sín vel.



Myndin er tekin á fallegum ágústdegi þegar stjórn kvenfélagsins afhenti gjafirnar góðu : Á myndinni standa Harpa Dís, formaður og Skafti oddviti við eitt af standborðunum, og eru með hjartastuðtækið á milli sín. Við Eiríksborðið góða sitja Þórdís gjaldkeri og Matthildur ritari og svo eru blómakerin fallegu í baksýn.

Góðar stundir kærur sveitunar.

**Fróðleiksmolinn.** Daði Halldórsson fæddur 1638—1721. Vígður 28. júlí 1661 aðstoðarprestur hjá föður sínum í Hruna en missti prestskap 1662 vegna barneignar með Ragnheiði biskupsdóttur. Þjónaði Reykjadal frá 1667 í umboði föður síns. Fékk uppreisn æru 1667 er skyldi þó aðeins gilda í Hólabiskupsdæmi. Framhjá því var gengið og fékk sr. Daði Steinholt 1671 og hélt til 1717. Hann var ásjálegur maður, gáfaður og skáldmæltur.

## VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

**Meðferðir:** Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.

**Tímappantanir í  
síma: 856-1599**



[www.Híalín.is](http://www.Híalín.is)

Silkiprentuð munstur sem  
hafa beina skírskotun í  
íslenska náttúru.  
Sérsaumaðir kjólar,  
húfur, leggings og  
bolir.

Kíktu í heimsókn og  
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja  
Vilborg í Skarði  
863 9689/ [vilmarius13@gmail.com](mailto:vilmarius13@gmail.com)



Mest seldu hnakkarnir frá Tølt rider Glampi kostar  
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-  
Geldingaholti



[www.tolt.nu/island](http://www.tolt.nu/island)  
eða sími 892 8452 Sigfús  
698 70 90 Josefine





Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



**September 2017**

Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur                                   | Föstudagur                                    | Laugardagur                                              |
|-----------------------------------------------|-----------------------------------------------|----------------------------------------------------------|
| 31. ágúst<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30 | 1. sept<br><b>Flúðir</b><br>18-21             | 2. sept<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30                    |
| 7. sept<br><b>ATH Árnes</b><br>18:00-20:30    | 8. sept<br><b>Lokað í dag</b>                 | 9. sept<br><b>Reykholt</b><br>18-21                      |
| 14. sept<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30  | 15. sept<br><b>Lokað vegna rétta</b>          | 16. sept<br><b>Réttaball Árnesi</b><br>Opnum um miðnætti |
| 21. sept                                      | 22. sept<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 23. sept<br><b>Reykholt</b><br>18-21                     |
| 28. sept<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30  | 29. sept<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 30. sept<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30                   |



Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



**Október 2017**

Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur                                                  | Föstudagur                                   | Laugardagur                           |
|--------------------------------------------------------------|----------------------------------------------|---------------------------------------|
| 5. okt                                                       | 6. okt<br><b>Árnes</b><br>18:00-20:30        | 7. okt<br><b>Reykholt</b><br>18-21    |
| 12. okt<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30                  | 13. okt<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 14. okt<br><b>Lokað í dag</b>         |
| 19. okt                                                      | 20. okt<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 21. okt<br><b>Reykholt</b><br>18-21   |
| 25. okt ATH miðvikudagur<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30 | 27. nóv<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 28. okt<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30 |

# Stundartafla íþróttahússins á Flúðum veturinn 2017-2018

| SALUR 1                              | SALUR 2                      | SALUR 1                                                                 | SALUR 2                              | SALUR 1                              | SALUR 2 | SALUR 1 | SALUR 2 |
|--------------------------------------|------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------|--------------------------------------|---------|---------|---------|
| Mánudagur                            | Þriðjudagur                  | Miðvikudagur                                                            | Fimmtudagur                          | Föstudagur                           |         |         |         |
| 13.00-14.00<br>Íþróttaskóli 1.-2. b. | 15.10-16.20<br>M/b,kvk       | 15.10-16.20<br>7.-10.fl,kvk                                             | 13.00-14.00<br>Íþróttaskóli 1.-2. b. | 12.30-13.30<br>Íþróttaskóli 1.-2. b. |         |         |         |
| 14.00-15.10<br>M/b.ka                | 16.20-17.50<br>Fiml. 3-10 b. | 16.20-17.40<br>Frjálssar 6.-10. b.                                      | 14.00-15.00<br>Tími eldri borgara    | 13.30-14.40<br>M/b.ka                |         |         |         |
| 16.10-17.10<br>Frjá 3.-5.b.          | 17.50-19.00<br>7.-10.fl.ka   | 17.40-18.40<br>Fótbolti 3.-6. b                                         | 15.10-16.15<br>M/b.ka                | 14.40-16.00<br>7.-10.fl.ka           |         |         |         |
| 17.10-18.30<br>Frjálssar 6.-10. b.   | 19.00-20.30<br>BLAK KVK      | 18.40-19.40<br>Fótbolti 7.-10. b                                        | 16.15-17.00<br>Íþ.sk. 4-5 ára        | 16.00-18.00<br>Fjölskyldutími        |         |         |         |
| 18.30-20.00<br>7.-10.fl.ka           | 18.30-20.00<br>7.-10.fl,kvk  | 19.40-20.40<br>Old.b. karfa                                             | 17.15-18.30<br>7.-10.fl.ka           |                                      |         |         |         |
| 20.00-21.30<br>Mfl.ka.Blak           | 20.00-21.00<br>Karlasport    | UMFH - Vetrarstarf<br>Æfingatafla 2017-2018 í<br>Íþróttahúsinu á Flúðum |                                      | 18.30-20<br>BLAK KVK                 |         |         |         |
| 21.30-22.30<br>Old boys Fótbolti     | 20-21.30<br>Mfl.ka.Blak      |                                                                         |                                      |                                      |         |         |         |

UMFH - Vetrarstarf  
Æfingatafla 2017-2018 í  
íþróttahúsinu á Flúðum



Tækjasalur:  
Mán-Fim: 16.00-21.30  
Fös: 13.00-18.00

Tækjasalur er opinn  
um helgar þegar það  
eru mót í húsinu.  
Fylgist með á  
facebook!

Æfingar hefjast 4.  
september skv. töflu.  
Ath. að íþróttaskóli,  
körfubolti og fótbolti  
hefjast 18. september.  
Íþróttaskóli 4-5 ára  
hefst 5. október.

| Þjálfarar         |                                                                                                 |
|-------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Blak kvk          | Árni Þór Hilmarsson                                                                             |
| Blak kk           | Kristján Geir Guðmundsson                                                                       |
| Fimleikar         | Jónína Sif Harðardóttir, Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir og Hanna Björk Grétarsdóttir         |
| Frjalsar íþróttir | Guðbjörg Viðarsdóttir                                                                           |
| Fótbolti          | Helgi Valdimar Sigurðsson                                                                       |
| Íþróttaskóli      | Árni Þór Hilmarsson - Hanna Björk Grétarsdóttir                                                 |
| Körfubolti        | Árni Þór Hilmarsson                                                                             |
| Old boys          | Enginn þjálfari - greitt inn sama gjald og í sundlaug                                           |
| Karlasport        | Margrét Guðmundsdóttir - námskeiðisform, betur auglýst síðar                                    |
| Laus tími         | Hér er hægt að sækja um tíma gegn greiðslu                                                      |
| Fjölskyldutími    | Enginn þjálfari - greitt eins og í sund<br>- börn u 16 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum |



Þjórsárskóli  
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

## Fréttir úr skólanum – Skólabyrjun

Þjórsárskóli var settur mánudaginn 21. ágúst.

Eftir skólasetningu var kynning á námsefni og áherslum vetrarins í bekkjarstofum barnanna. Þetta skólaár eru 49 nemendur í skólanum.

### Útilegan

Í fyrstu vikunni var farið í hina árlegu útilegu. Veðrið lék við okkur og unnið var á stöðvum. Hjá yngra stiginu var áherslan á leiki og fyrirmæli en hjá eldri nemendum var m.a. verið að grisja og efniviði safnað í göngustafi sem búa á til í vetur.

Seinnipart dagsins voru reistar tjaldbúðir, nemendur sváfu í tjöldum ásamt starfsfólki skólans og nokkrum foreldrum og grillaðir voru sykurlúðar.

Seinni daginn var nemendum blandað sama og farið var í ratleik þar sem leysa átti ýmsar þrautir tengdar námsgreinum. Útilegan er liður í því að vinna með jákvæðan skólabrag og bera virðingu hvert fyrir öðru og umhverfinu.



### Skógarferð með Flúðaskóla

Í vor hittust kennarar frá Þjórsárskóla og Flúðaskóla og skipulögðu saman skógardag. Farið var í ferðina núna í lok ágúst. Yngri nemendur unnu saman með þema tengdum ævintýrum og skógarverum og þeir eldri settu sig í spor landnema, fundu sér bæjarstæði og reistu skýli. Ferðin var vel heppnuð og gaman hvað nemendur úr skólunum voru fljótir að kynnst og vinna vel saman og ekki spillti veðrið.





Kveðja úr skólanum Kristín og Bolette

## Heitt vatn í Áshildarmýri!

Fyrir u.þ.b. 2 árum tókum við okkur nokkur saman í Áshildarmýrinni og létum gera 3 tilraunaholur til að kanna möguleikana á heitu vatni hér í jörð. Allar holurnar gáfu okkur jákvæða niðurstöðu og í raun voru allar holurnar svipaðar. Síðan ákváðu 4 eigendur að eignum í Áshildarmýri að halda áfram með borunina.

Við boruðum fyrst niður á 293 metra og fengum þar nóg af 48 gráðu heitu vatni, en í því var selta sem ekki er æskileg í borholum. Við fengum því þá niðurstöðu frá jarðfræðingum Ísor að gott væri að bora dýpra.

Þeir töldu að það væri heitara vatn neðar. Við boruðum niður á 705 metra dýpi og fundum þar heitt vatn.

Ekki er búið að mæla endanlega en það verður gert nú næstu daga. Ljóst er þó að vatnið er 70-80 gráðu heitt og virðist vera þó nokkuð magn, þannig að við getum selt frá okkur. Okkur finnst það dásamlegt að aðrir njóti góðs af, því nú getum við sett upp heita potta og einnig hlakkað til að fá lægri rafmagnsreikninga.

Þeir sem hafa áhuga eiga að hafa samband við Hlyn í síma 824-3040

Kær kveðja frá Áshildarmýri.

Hér rennur heita vatnið af miklum krafti úr holunni.



# Staða framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar að hausti

## Starfsmenn á verkstað ná hámarksfjölda með haustinu

Framkvæmdum við stækkun Búrfellsvirkjunar miðar vel. Á verkstað vinna nú um 150 manns en áætlað er að starfsmannafjöldi við framkvæmdina verði mestur yfir haustmánuðina og verði þá um 180 manns á svæðinu. Alls eru starfsmenn nú frá 15 þjóðernum, þar af tæpur helmingur Íslendingar. Flestir starfsmenn á svæðinu eru á vegum byggingarverktakans, ÍAV Marti, en þá eru einnig starfsmenn frá framleiðanda vél- og rafbúnaðar, Andritz Hydro, auk framleiðanda loka og þrýstivatnspípa, DSD NOELL.

## Samsetning túrbínu og lárétts hluta fallpípu

Í sumar hefur Andritz Hydro unnið við frágang á sográs vélarinnar sem tengir vatnstrásina frá túrbínu til frárennslisganga. Í lok júlí var samsetningu túrbínunnar lokið og í framhaldi af því var hún þrýstingsprófuð en þrýstingi verður haldið á henni í rúman mánuð eða þar til að hún er steypd inn.

Á sama tíma hefur DSD NOELL unnið að kappi við að ljúka við samsetningu á neðri beygju og lárétta hluta fallbeygjunnar. Þetta var mikið afrek þar sem þyngstu stálfóðringarnar voru allt að 52 tonna þungar og þurfti að færa þær frá geymslustað og inn í stöðvarhús í gengum aðkomugöng. Þaðan voru þær færðar á sinn lokastað og soðnar fastar saman. Um miðjan júlí var svo byrjað að vinna við uppsetningu og suðu á lóðrétta hluta fallpípunnar en áformað er að ljúka þeirri vinnu í lok október.

## Fjölbreytt vinna byggingarverktaka

Mikið hefur verið í gangi hjá byggingarverktökunum, ÍAV Marti. Jarðvinna í frárennslisskurði hefur haldið áfram og er nú rétt um hálfnuð. Byrjað var að reisa inntaksmannvirkið í byrjun sumars og hefur sú vinna haldið áfram í allt sumar. Hús undir spennu virkjunarinnar hefur verið reist og steypuvinna við frágang sográsaganga langt komin. Uppbygging á stöðvarhúsi heldur áfram og um miðjan ágúst var byrjað að steypa í kringum snigil túrbínunnar og er áætlað að það taki um 35 daga.

## Mikilvægum áfanga náð

Í lok júlí skiluðu verktakar af sér áfanga í framvindu framkvæmdanna innan réttis tímaramma. Þá var búið að tengja lárétta hluta fallpípunnar við snigil túrbínunnar og steypa inn hluta af láréttu fallpípunni. Þetta var mikilvægur áfangi í framkvæmdinni og þar sem virkjunin hefur einungis eina vél krafðist þessi áfangi samstarfs allra verktaka.

Í tengslum við réttirnar 15. og 16. september verður akstri til og frá framkvæmdasvæði haldið í algjöru lágmarki. Ef gangnamenn þurfa aðstoð vegna fjárreksturs nærri framkvæmdasvæðinu er þeim velkomið að hafa samband við staðarverkfræðing í síma 515-9000.

Ásbjörg Kristinsdóttir  
Yfirverkefnisstjóri stækkunar  
Búrfellsvirkjunar



Vettvangsferð sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
á verkstað framkvæmda (10. júlí 2017)



Framkvæmdir við inntakssvæði virkjunar (24. ágúst 2017)



Stálflöðingar bíða eftir að vera komið fyrir í fallgöngum virkjunarinnar (24. ágúst 2017)



Unnið er við gröft og fláavörn á frárennslisskurði (24. ágúst 2017)



# Menn og málefni!



Dórótea Hæg Sigurðardóttir frá Hæli 1 og Jón Emil Guðmundsson eignuðust sitt fyrsta barn þann 29. júlí s.l. sem er drengur. Hann vó 3695 gr og 52 cm þau eru búsett í Stokkhólmi.



Þá eignuðust þau Ragnheiður Másdóttir frá Háholti og Sveinn Ragnar Rúnarsson Akurnesi í Hornafirði sitt þriðja barn þann 4. september s.l. sem einnig er drengur og vó hann 4385 gr og 54 cm. Fyrir eru systur hans tvær, Björg að verða sjö ára og stundar nám í grunnskóla Hornafjarðar og Auður að verða 4 ára en hún er í leikskóla. Fjölskyldan býr í Akurnesi og við óskum fjölskyldunum báðum innilega til hamingju með drengina sína sem eru frændur þar sem mæður þeirra eru systkinadætur frá Hæli. ☺

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slokkvitaeki@babubabu.is](mailto:slokkvitaeki@babubabu.is)



## STOPPUSTUÐ Í Árnesi!

Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er nú komin upp við inngang skólamötuneytis, (austan megin) við Félagsheimilið Árnes.



## Ágætu sveitungar.



Ég er þakklátur fyrir góða kirkjusókn í messum nú síðsumars. Einmuna veðurbliða setti þar sinn svip sem og gestrisni og gleði. Áfram er stefnt að margvíslegum gæðastundum í kirkjunum okkar í haust og vetur. Dagskrá helgihaldsins í prestakallinu verður send út í öll hús síðar í mánuðinum og fær vonandi sinn stað á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Fyrsta vers eftir réttir er kvöldmessa í Hrunakirkju 24. september en þá mun kórinn undir stjórn Stefáns Þorleifssonar syngja ljúfa sálma inn á milli ritninga-rörða, hugvekju og bænar. Næstu messur í prestakallinu eru sem hér segir:

**24. sept.:** *Kvöldmessa í Hrunakirkju kl. 20:30.*

---

**1. okt.:** *Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og guðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 14.*

Viðamiklum framkvæmdum innandyrna í Stóra-Núpskirkju lýkur senn og er stefnt að messu þar 12. nóvember nk. Fermingarstörfin hófust með sameiginlegum fundi foreldra og prests nú í ágúst og svo þátttöku fermingarbar-na í uppskerumessu í Hrunakirkju laugardaginn 2. september. Fræðslusamverur verða á mánudögum kl. 15-17 í október og nóvember. Sautján börn hefja fer-mingarundirbúning nú á þessu hausti. Sem fyrr má fylgjast með því sem framundan er í prestakallinu á hruni.is og á fésbókarsíðunni, facebook.com/hrunaprestakall. Þá er ég kominn með nýtt netfang, **hrunaprestur@gmail.com**, en símanúmerið er áfram það sama 856-1572.

Með blessunaróskum.  
Óskar Hafsteinn Óskarsson  
sóknarprestur



## Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli  
eða annar mannfagnaður.

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri



# Heilsurækt í heimabyggð

Alhliða heilsurækt fyrir fullorðna  
í salnum í Brautarholti,  
tvisvar sinnum í viku í vetur.



- Upphitun með og án bolta
- Styrktaræfingar
- Teygjur
- Slökun

Mánudaga &  
fimmtudaga  
kl. 17:15-18:15



Engin skráning!  
Hver tími kostar 700 kr.  
Hefst mánudaginn 18. september.

Gaman væri að sjá sem flesta, konur og karla.

Umsjón:  
Anna Þórný Sigfúsdóttir (GSM 867-8929)  
fyrrv. knattspyrnuþjálfari & núv. íþróttakennari



**Flúðasveppir óska eftir starfsmanni í pökkun.  
Starfshlutfall 50-100%  
Starfið felst í pökkun á sveppum og annað tilfallandi.  
Starfsmaður getur hafið störf strax.  
Hafa samband: sveppir@sveppir.is  
eða í síma 6119911 og 8939911**

## **Björgunafélagið Eyvindur**

***Söfnunin á sjálfvirkum hjartahnoðara er lokið.***

*Söfnuninni sem ýtt var úr vör þann 14.maí sl. hefur gengið vonum framár.*

*Höfum við fest kaup á sjálfvirka hjartahnoðaranum og er hann kominn í okkar hendur.*

*Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og sveitarfélögin fjögur í uppsveitum Árnessýslu hafa styrkt okkur til kaupanna og sendum við þeim mikið þakklæti fyrir.*

*Einnig viljum við þakka fjölskyldu og vinum Magnúsar*

*Oskarssonar í Hamratungu og Pálmars Þorgeirssonar á Flúðum, sem gáfu í minningu þeirra.*



***Samfélagið hefur svo sannarlega staðið vel að baki þessarar söfnunar og er ómetanlegt að finna að þegar þess er þörf leggjast allir á eitt.***

*Með kærnu þakklæti fyrir góðar undirtektir,  
meðlimir í Björgunarfélaginu Eyvindi.*

# Á bak við eldavélina!

Sigurður Loftsson, bóndi í Steinsholti hefur orðið:

Guð- og systursonur minn Ágúst Guðnason sá kjarkmikli drengur gerði mér áskorun til eldhúsverka. Skal reynt að verða við því, þó líklega sé ég skárstur í handlang við eldamennsku.



Það sem mér dettur helst í hug að kynna fyrir lesendum er réttur sem ég kys að kalla Nautastöðvarvefja. Ekki þar fyrir að hann tengist nautgriparækt sérstaklega að öðru leyti en því, að ég fékk að smakka þessa útfærslu hans hjá forstöðumanni Nautastöðvar BÍ fyrir nokkrum árum. Grunnhræfnið eru lambaslög, mjög vanmetin hluti sauðfjárafurða, en á afar vel við í upphafi sláturtíðar. Einnig ríður á að við neytendur tökum fast á málum, nú á tímum offramleiðslu og verðfalls, enda vandi sauðfjárbænda „ærin“ eins og gefur að skilja.

## Hræfni:

Lambaslög, Reikna má með ½ slagi fyrir lystuga, ¼ fyrir minna lystuga og ekkert fyrir vegan


Slangur af Flúðasveppum

Slatti af lauk

Væn lúka af sveskjum og apríkósum

Smjör ómælt

Pípar og salt eftir smekk



Laukurinn og sveppirnir eru skornir niður og „svissaðir“ á pönnu með slurk af smjöri. Þar næst settir í matvinnsluvél með sveskjum og apríkósum og maukað saman í graut. Slögin eru flött út á borði, ef þau eru mjög væn er rétt að skera af þeim mestu fitukleprana. Því næst er gumsinu smurt yfir, kryddað með salti og pípar að vild, slaginu síðan rúllað upp og bundið saman með sláturgarni eða baggabandi.

Bakað í ca 120 gráðum á grind ofan við ofnskúffu í 1,1/2 – 2 klukkustundir. Algert bingó er að borða þetta heitt með nýjum kartöflum, kryddsmjöri og rabbarbarasultu. En þetta nýtur sín best sem álegg, t.d. með seyddu rúgbrauði og bing af smjöri.

Í eftirrätt er síðan rakið að fá sér hræring.

Þá er afgangurinn að hafragrautnum frá því um morguninn hræður saman við skyr. Hlutföll milli grautar og skyr fer þá eftir framboði hvors um sig og fjölda matargesta, en æskilegt viðmiðunarhlutfall er 60/40 skyrinu í vil.

Velja má í dag um margskonar útgáfur bragðefna með skyrinu, en venjan er



að hafa það óblandað og sáldra þá yfir ögn af strauara. Mörgum er nú til dags í nöp við sykur, en þá má geta þess að vel má fá ágætis sætubragð í hræringinn með því sem nemur 1/8 hluta af þeim sykri sem er í einni lítilli kók.

Ekki síst ef út á hann er settur afgangurinn úr rjómapelanum frá því á sunnudaginn var.

Ég vil svo að lokum skora á tilvonandi tengdadóttur mína Hrönn Jónsdóttur að koma með uppskrift í næsta fréttabréf, enda spenntur að vita hvað ég fæ þegar hún býður mér í mat.

Kær kveðja.  
Silli í Steinholti.



Guesthouse Denami - Vestra-Geldingaholt  
[www.denami.is](http://www.denami.is) — [josefine@denami.is](mailto:josefine@denami.is)



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:  
**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka daga- með viðkomu á Selfossi**

**Phone: +354 458 8821**

**Mobile: +354 858 8820**

**Email:**

[sverrir.unnarsson@samskip.com](mailto:sverrir.unnarsson@samskip.com)

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**



facebook

[www.landflutningar.is](http://www.landflutningar.is)

## Hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu 2017- 2019

Árið 2017 verða rotþrær hreinsaðar frá Skarðsbæjum og endað á Austurhlíð, Steinsholtbæjum og Skaftholti.- 2018 eru það allar þrær á Skeiðum, Sandlækjarbær og endað á Gunnbjarnarholti. 2019 hefst hreinsun við Ásaskóla, Ása, Stóra-Núp og Minna- Núp og endar á Sultartangavirkjun.

### Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

Ef það færi að rigna þá....

Regnfatnaður



**66**  
NORTH

Á lappirnar

Sokkar



Stigvél Relð- og vinnuskór



Við krankleika og til hressingar

Bolta-  
byssur

Skammtasprautur

Inngjafasprautur

Elnnota sprautur

Nálar



Við þorsta

**SUEVIA**

Brynningarskálar - Vatnskör



Nú stýttist í sláturtíðina  
Höfum tekið upp sláturvörurnar

Hliðgrindur



Hringgerði



**LANDSTÚPI**

Gunnarsharður  
801 Sæbæ  
Sími 480 5500  
3900 00 9

**Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!**  
**Neslaug S: 486-6117** **Skeiðalaug S: 486 5500**

## **Neslaug**

### **Open - Winter:**

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00  
Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00  
Sunnud. Sunday 13:00 - 18:00 í september

Vörur tengdar sundi seldar  
í afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í  
hálf tíma fyrir lokun.**

## **Skeiðalaug**

### **Open - Winter:**

Mánudaga Mon. 18 - 22  
Fimmtudaga Thu. 18 - 22

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112  
Umsjónarmaður sundlauga  
eythorb@gmail.com

## **Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.**

**Opið alla fimmtudaga eins og venjula 20:00 -22:00**

**Lesum vel — lýðræðinu til heilla!**

**S: 486-5505**

Netfang [bokasafn@skeidgnup.is](mailto:bokasafn@skeidgnup.is)



<http://www.allirlesa.is>



<http://www.leitir.is>





# Fundargerðir sveitarstjórnar

14. árgangur 8.tbl.

Aukablað 1

Sept. 2017

**45. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi  
miðvikudaginn 23. ágúst 2017 kl. 14:00.**

**Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir, auk Kristófers A. Tómassonar sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.**

***Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:***

1. Íþróttamál ungmenna- samstarf ungmennafélaga í uppsveitum. Árni Þór Hilmarsson íþróttakennari mætti til fundarins. Árni sagði frá hugmyndum um sameiginlegt keppnisfélag í íþróttum í Uppsveitum Árnessýslu. Hann lagði áherslu á ávinning af slíku samstarfi. Sveitarstjórn lýsir ánægju með hugmyndina um stofnun keppnisfélags í Uppsveitum Árnessýslu og styður heilhugar við hana. Sveitarstjórn hvetur til áframhaldandi umræðna um málið.
2. Samningamál við Rauðakamb. Oddviti greindi frá gangi mála í samningaviðræðum milli Rauðakambs og sveitarfélagsins um svæði í Þjórsárdal við Rauðakamb til uppbyggingar ferðaþjónustu. Reiknað er með að semja um verkefnið í nokkrum skrefum. Unnið verður að skipulagsmálum þegar samningar liggja fyrir.
3. Hitaveita Gnúpverja. Framkvæmdaþörf. Lagt var fram bréf undirritað af stjórn Hitaveitunnar þar sem greint er frá þörf félagsins til framkvæmda og þar með talið borun eftir auknu vatni. Stjórnin óskar eftir að sveitarfélagið kosti borun holunnar ásamt því sem þeirri framkvæmd fylgir. Afgreiðslu málsins frestað. Sveitarstjórn samþykkir að skoða útfærslur í rekstri hitaveitna í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að boða stjórn Hitaveitu Gnúpverja til fundar og ræða um framgang framkvæmdamála hitaveitunnar.
4. Hólaskógur- fjallaskáli. Akvörðun um ráðstöfun. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir rekstraraðilum að fjallaskálanum í Hólaskógi. Sveitarstjóra falið að annast auglýsingu.
5. Hjúkrunarrými í Árnessýslu. Þörf á úrbótum. Sveitarstjóri lagði fram upplýsingar um stöðu hjúkrunarrýma á Suðurlandi. Ekki er útlit fyrir að nýtt hjúkrunarheimili verði tilbúið til notkunar fyrr en árið 2020. Rýmin á nýja hjúkrunarheimilinu verða 50. Samtals lögðust af 35 rými með lokun heimilanna á Kumbaravogi og Blesastöðum.

Fjölgun nemur því aðeins 15 rýmum, af þeim sem til þekkja er það engan veginn nægjanlegt. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps lýsir þungum áhyggjum af skorti á hjúkrunarrýmum á Suðurlandi. Það hljóti að teljast með öllu óviðunandi að senda þurfi íbúa svæðisins í mörgum tilfellum um langan veg til vistar á hjúkrunarheimilum. Sveitarstjórn hvetur til þess að lögð verði áhersla á að flýta uppbyggingu hjúkrunarrýma í héraðinu og fjölga þeim meira en sem nemur áður nefndum fjölda.

6. Bréf frá Skipulagsstofnun. Varðar aðalskipulagsbreytingu. Árneshverfi, stækkun á svæði verslunar og þjónustu. Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun undirritað af Sigríði Björk Jónsdóttur. Í bréfinu er óskað eftir rökstuðningi við breytingarnar sem meðal annars fela í sér að ekki er gert ráð fyrir leikskóla á svæðinu. Sveitarstjóra og oddvita falið að svara bréfinu.
7. Skipulagsnefnd fundarg. 138. fundar. Mál nr:1,2,3,4 og 5. Þarfnast afgreiðslu.  
**1. Stóri-Núpur 2 166610:** Afmörkun og stærð lóðar – 1708022  
Lögð fram umsókn Huga Baldvins Hugasonar-Briem dags. 3. júní 2017 um staðfestingu á hnitsettri afmörkun jarðarinnar Stóri-Núpur 2. Jafnframt breytist stærð jarðarinnar úr 177 ha (skráning í fasteignaskrá) í 210,7 ha. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afmörkun ytri marka jarðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landa á hnitsetningu landa-marka. Að mati nefndarinnar er þó nauðsynlegt að afmörkuð sé sérstök lóð utan um gamla íbúðarhúsið (lnr. 166608) í staðinn fyrir að jarðamörkin gangi í gegnum mitt hús án þess að fyrir liggi teikningar af húsinu sem sýnir skiptinguna. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.  
**2. Reykholt í Þjórsárdal:** Baðstaður og gisting: Deiliskipulag – 1708030  
Lögð fram til kynningar tillaga að skipulags- og matslýsingu deiliskipulags fyrir Reykholt í Þjórsárdal. Í lýsingunni kemur fram að fyrirhugað er að fjarlægja eldri mannvirki sem fyrir eru á svæðinu og byggja upp baðstað með laugasvæði fyrir almenning, búningsaðstöðu, veitingastað og gistingu (um 40 herbergi).  
Skipulagsnefnd bendir á að ekki er hægt að taka lýsinguna til formlegrar afgreiðslu fyrr en fyrir liggur samþykki sveitarstjórnar um breytingu á aðalskipulagi svæðisins.  
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi lýsingu deiliskipulagsins en felur skipulagsfulltrúa að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem byggir á upplýsingum sem fram koma í fyrirbyggjandi gögnum.  
**3. Sandlækur I, land 2 lnr. 201307:** Íbúðabyggð og landbúnaðarsvæði: Aðalskipulagsbreyting – 1706017  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. júlí 2017 þar sem ekki er fallist á að breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á spildu úr landi Sandlækjar geti talist vera óveruleg.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagið að nýju skv. 1 mgr. 41. gr skipulagslaga nr 123/2010 með þeirri breytingu að lóðirnar verði frístundahúsalóðir í samræmi við gildandi aðalskipulag í stað þess að vera íbúðarhúsalóðir

**4. Búrfellsvirkjun 166701:** Lagning vinnuvegar: Framkvæmdaleyfi – 1707003

1Lögd fram umsókn Landsvirkjunar dags. 30. júní 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vinnuvegar frá gangamunna frárennslisganga til suðurs að núverandi vegslóða að Búrfellsskógi. Fram kemur að framkvæmdin hafi verið kynnt fulltrúa Umhverfisstofnunar og að í fornleifaskráningu hafi engar fornleifar verið á svæðinu.

Þar sem fyrirhugað er að vinnuvegurinn breytist í aðalaðkomuleið að Búrfellsskógi telur skipulagsnefnd að forsenda framkvæmdaleyfis sé að gerð verði breyting á deiliskipulagi svæðisins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

**5. Holtabraut 1-7: Holtabraut 1 og 3: Fækkun lóða:**

Deiliskipulagsbreyting – 1704037

Lögd fram endurskoðuð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Brautarholts sem nær til lóða við Holtabraut. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem fólst í að fjórum einbýlishúsalóðum við Holtabraut (1,3,5 og 7) var breytt í tvær raðhúsalóðir fyrir 4-6 íbúðir í hvoru húsi var grenndarkynnt með bréfi dags.

2. maí 2017 og athugasemdabréf frá íbúum innan þéttbýlisins. Þá liggja einnig fyrir viðbrögð umsækjenda við efni athugasemda. Í endurskoðaðri tillögu hefur aðkomu að húsunum m.a. verið breytt, gert er ráð fyrir sameiginlegu bílastæði, stærð íbúða verður 40-90 fm, aðkomu frá Skeiðavegi að Malarbraut er lokað og austurmörk lóðar nr. 3 færð fjær landamörkum við Húsatóftir 2.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni en telur að í ljósi þess hve miklu er breytt þurfi að kynna tillöguna að nýju. Mælir nefndin með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að íbúum innan Brautarholts verði tilkynnt sérstaklega um auglýsinguna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga.

8. Fundargerð stjórnar Bergrisans 26. fundur. Fundargerð lögd fram og kynnt.
9. Fundargerð stjórnar Bergrisans 27.fundur. Fundargerð lögd fram og kynnt.
10. Körfuboltadeild Gnúpverja. Stuðningur. Lagt var fram bréf frá Körfuboltadeild Gnúpverja. Undirritað af Jóhannesi Helgasyni. Þar er greint frá starfsemi deildarinnar og óskað eftir samstarfi við sveitarfélagið og stuðningi frá því. Sveitarstjórn lýsir ánægju með framtakssemi deildarinnar og lýsir vilja til stamstarfs við deildina.

11. Blindrafélagið. Beiðni um stuðning. Lagt fram bréf frá Blindrafélaginu undirritað af Halldóri Einarssyni þar sem óskað er eftir stuðningi við félagið. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja félagið um 25.000 kr.
12. Skeiðalaug. South central, framhald leigu og aðrar hugmyndir. Mál fellt niður þar sem South central hyggst ekki halda áfram rekstri Skeiðalaugar.
13. búðalánasjóður. Boð íbúðalánasjóðs um kaup á íbúð við Holtabraut. Sveitarstjórn hafnar boðinu um kaupin á íbúðinni.
14. Verksamningur um gatnagerð. Þarfnast staðfestingar.  
Lagður fram undirritaður verksamningur milli sveitarfélagsins og Neseýjar ehf um verkið „Gatnagerð 2017“  
Verksamningur staðfestur með fjórum atkvæðum. Gunnar Örn Marteinsson greiddi atkvæði gegn samningnum og lagði fram eftirfarandi bókun:  
*“Ekki er hægt að samþykkja verksamning þann sem hér er lagður fram þar sem hann byggir á tilboði sem var langt umfram kostnaðaráætlun eða sem nemur tæpum 28 miljónum, aðeins eitt tilboð barst í verkið og auk þess er búið að fresta lokadagsetningu verksins um 11 mánuði frá því sem tilgreint var í útboðinu, ég tel nokkuð ljóst ef 1.okt 2018 hefði verið lokadagsetning verksins eins og verksamningur kveður á um en ekki 1.nóv 2017 eins og útboðsskilmálar sögðu hefðu fleiri tilboð borist. Það skal tekið fram að undirritaður telur mjög nauðsynlegt að ráðast í fyrirhugaðar framkvæmdir en telur að eðlilegt hefði verið að breyta um verkáætlun og leita annar leiða til að ná niður kostnaði við verkið. “*
15. Önnur mál.
  - I. Oddviti og Halla Sigríður sögðu frá ferð sem farin var í Gjána í Þjórsárdal 21 ágúst sl. Ásamt sérfræðingum Umhverfis-ráðuneytis. Tilefnið var undirbúningur friðlýsingar. Sveitarstjórn lýsir áhyggjum af ástandi gróðurs í Gjánni og samþykkir að sjá til þess að þegar í stað verði sett upp aðvörunarskilti í Gjánni til varnar gróðurs

### **Mál til kynningar**

- A. Fundargerð SNS og SBU.
- B. Fundargerð 180. Fundar Sambands Ísl svf.
- C. Áætlun refaveiðar
- D. Afgreiðslur byggingafulltrúa. 17-58.
- E. Afgreiðslur byggingafulltrúa. 17-59.
- F. Bréf frá SÍS. Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga samningamál.
- G. Atvinnustefna uppkast endurbætt.
- H. Bréf frá Skipulagsstofnun, staðfesting varðar Búrfellsvirkjun, náma við Ísakot.

Fundi slitið kl . 17.05.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 6. september næstkomandi. kl. 14.00.

**46. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi  
miðvikudaginn 06. september 2017 kl 14:00.**

**Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir, auk Kristófers A. Tómassonar sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að tveimur málum til kynningar verði bætt á dagskrá. Úttekt á Þjorsárdalslaug og talning fugla. Var það samþykkt.**

***Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :***

1. Kosning fulltrúa á aðalfund SASS 19 - 20 október nk.  
Lagt fram erindi frá Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi undirritað af Bjarna Guðmundssyni þar sem óskað er eftir tilkynningu um þátttöku sveitarfélagsins á aðalfundi samtakanna ásamt aðalfundum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.. Skeiða- og Gnúpverjahreppur á rétt á þremur fulltrúum til setu á aðalfundi samtakanna sem haldinn verður 19.- 20. október á Hótel Selfossi. Samþykkt að Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason og Gunnar Örn Marteinsson verði fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfundunum og til vara Halla Sigríður Bjarnadóttir, Anna Þórný Sigfúsdóttir og Anna María Flygenring.
2. Svæðisskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.  
Lögð var fram og kynnt skýrsla frá Fornleifaskráningu Íslands sem ber heitið Menningarminjar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skýrslan fjallar um svæðisskráningu fornleifa í sveitarfélaginu.
3. Fráveitur. Tilmæli til stjórnvalda varðandi virðisaukaskatt.  
Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi bókun :  
*“Sveitarfélög bera að öllu leyti kostnað af fjárfestingum í fráveituverkefnum og er þar með talinn virðisaukaskattur. Sveitarfélög hafa sum hver lagt í mikinn kostnað við slík verkefni að undanförunu, þar á meðal Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Ljóst er að mörg sveitarfélög standa frammi fyrir framkvæmdum af því tagi, koma þar meðal annars fram hertar reglur í heilbrigðismálum.”*  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að beina þeim tilmælum til alþingismanna að þeir beiti sér fyrir því að sveitarfélögum verði endurgreiddur virðisaukaskattur af fjárfestingum vegna fráveitumála.
4. Snjómokstur. Samningar að renna út. Umræða um framhald.  
Samningur um snjómokstur sem gilt hefur frá 2014 við Strá ehf og Georg Kjartansson rann út síðastliðið vor. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að bjóða út snjómokstur í sveitarfélaginu. Sveitarstjóri falið að annast gerð útboðsgagna.

5. Veidiréttur í Fossá. Umræður- ákvörðun um útboð.  
Laugardalsá ehf er leigutaki áнна Fossár og Rauðár. Gildistími samnings eru veiðiárin 2014-2017. Forræði áнна er auk sveitar-félagsins í höndum Skógræktar ríkisins og Forsætisráðuneytis. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að bjóða veidiréttinn út. Sveitarstjóra falið að ræða við Skógræktina og Forsætisráðuneytið um útboð veidiréttarins.
6. Samningur við Eypór Brynjólfsson um rekstur Neslaugar. Lagt fram erindi frá Eypóri Brynjólfssyni, þar sem hann óskar að taka að sér rekstur Neslaugar árin 2018 og 2019. Sveitarstjóra falið að meta erindi Eypórs. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 7 Erindi frá Félagi sauðfjárbænda í Árnassýslu. Erindi frá stjórn Félags sauðfjárbænda í Árnassýslu undirritað af Geir Gíslasyni. Í erindinu er skorað á sveitarstjórn að ræða þann vanda sem kominn er upp í sauðfjárrækt og leita lausna. Sveitarstjórn lýsir áhyggjum af afkomu sauðfjárbænda og hvetur til að ekki verði gripið til skyndilausna sem skerða hag sauðfjárbænda á Suðurlandi umfram önnur byggðarlög.
8. Fundargerð 139. Fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 17, þarfnast umfjöllunar.  
**Mál nr 17. Sandlækur 1 land 2. Lnr 201307:** Byggingarleyfi fyrirspurn.  
Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á landinu Sandlækur 1 landnr 2. Lnr 201307. Samþykkt að fresta ákvörðun um málið til næsta fundar.

### ***Samningar – umsagnir - beiðnir***

9. Samningur um refaveiðar. Þarfnast staðfestingar. Lagður fram samningur milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps annars vegar við verktaka hins vegar um refaveiðar. Samningur staðfestur.
  10. Miðhús – leigusamningur. Þarfnast staðfestingar. Lagður fram undirritaður leigusamningur við Krosshól ehf um íbúðarhúsið að Miðhúsum. Samningur staðfestur. Húseignin verður framleigð til starfsmanns sveitarfélagsins.
  11. Knarrarholt ósk um leyfi til gistingar. Lögð fram frá Sýslumanninum á Suðurlandi beiðni undirrituð af Agli Benediktssyni um umsögn vegna umsóknar Lindu Óskar Högnadóttur um leyfi reksturs gististaðar.  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að umrætt leyfi verði veitt.
  12. Heilaheill. Beiðni um stuðning. Lagt var fram erindi frá stjórn Heilaheilla um stuðning við samtökin. Samþykkt að kaupa styrktarlínu fyrir kr. 10.000,- kr.
- ### **13. Önnur mál.**
- I. Sveitarfélaginu býðst að senda fulltrúa í spurningakeppnina Útsvar.  
Samþykkt að senda fulltrúa í keppnina.

## Mál til kynningar

- A. Fundargerð 522. Fundar stjórnar SASS.
- B. Ársreikningur Túns vottunarstofu.
- C. Afgreiðsla byggingarfulltrúa. 9. Ágúst 17.
- D. Afgreiðsla byggingarfulltrúa. 23. Ágúst 17.
- E. Fundargerð vinnufundar um aðalskipulag 17 ágúst 17.
- F. Reykholt Þjórsárdal. Deiliskipulagskynning.
- G. Fundur vinnuhóps um sameiningarmál 23.08.17.
- H. Byggðasamlög í Árnessýslu yfirlit.
- I. Sveitarstjórnarráðstefna.
- J. Sjóður innheimtukerfi.
- K. Ástand Þjórsárdalslaugar
- L. Talning fugla.

Fundi slitið kl . 15.20.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 20. september næstkomandi kl. 14:00.

## Fréttir frá Umngmennafélagi Hrunamanna!

Eins og undanfarin ár býður UMFH upp á metnaðarfulla og öfluga íþróttadagskrá fyrir félaga sína í vetur. Þetta rit er til upplýsingar um það starf sem í boði verður í íþróttahúsinu á Flúðum í vetur.

Mikilvægt er að foreldrar skrái börnin sín í íþróttastarfið og geri sér grein fyrir því hvaða kostnaður og skuldbindingar fylgja því að eiga börn í íþróttum.

**Að þessu sinni er sú nýjung að foreldrar eru beðnir um að skrá börnin sín í þær greinar sem þau ætla að stunda í vetur með því að senda póst á netfangið [umfhrun@gmail.com](mailto:umfhrun@gmail.com) og láta kennitölu greiðanda fylgja með í póstinum. Miðað er við að gengið sé frá skráningum fyrir 25. september. Fram að þeim tíma er hægt að fá að prófa íþróttagreinar. En eftir þann tíma þarf að skrá iðkendur ýmist úr eða í greinar eftir aðstæðum.**

## Góð ráð til foreldra

Án iðkenda væri umngmennafélagið auðvitað ekkert en starfið verður enn öflugra þegar foreldrar og aðstandendur taka virkan þátt í því. Bakgrunnur fólks í íþróttastarfi er auðvitað misjafn og mikilvægt fyrir alla að hafa það í huga. En hér að neðan er hægt að sjá góð ráð til foreldra barna sem eiga börn í íþróttum.

***"Hvað ungur nemur, gamall temur"***

Sem foreldri getur þú tekið þátt í því að gera íþróttir barna og unglinga að eftirminnilegri og jákvæðri reynslu. Hér eru nokkrar ábendingar sem vert er að gefa gaum.

- Komdu á æfingu eða á leiki þegar þú getur. Það virkar hvetjandi fyrir barnið líka þegar það eldist.
- Hrósið öllum iðkendum meðan á æfingum eða leik stendur, ekki aðeins dóttur þinni eða syni. Meira síðar. ....

(Grein frá UMF Hrunamanna verður birt í heild sinni í næsta Fréttabréfi . ) Ritsj.

# Gjaldskrá og tímtafla íþróttæfinga í Íþróttahúsinu á Flúðum

## Fjölskyldutími

Föstudaga 16.00-18.00. Í fjölskyldutímum geta foreldrar/aðstandendur komið með börnum sínum og stundað íþróttir í íþróttahúsinu. Athygli er vakin á því að í þessum tímum er ekki boðið upp á að börn undir 16 ára aldri séu ein í salnum. Greiða þarf inn í fjölskyldutíma sama gjald og í sundlaug.

## Íþróttaskóli fyrir 4-5 ára – 5000 krónur á önn

Námskeiðsform í október, nóvember, febrúar og mars. Fimmtudaga kl. 16.15-17.00

Þjálfari – Hanna Björk Grétarsdóttir

## Íþróttaskóli fyrir 1.-2. bekk - 16.000 krónur á önn

Mánudaga og fimmtudaga kl. 13.00-14.00 og föstudaga kl. 12.40-13.40.

Þjálfarar: Árni Þór Hilmarsson og Hanna Björk Grétarsdóttir

## Knattspyrna - 8500 krónur á önn

Miðvikudaga 17.40-18.40. 3.-6. bekkur

Miðvikudaga 18.40-19.40. 7.-10. bekkur

Þjálfari: Helgi Valdimar Sigurðsson

## Fimleikar – 8500 krónur á önn

Þriðjudaga 16.20-17.50. 3.-6. bekkur

Þjálfarar: Jónína Sif Harðardóttir, Hrafnhildur Sædis Benediktsdóttir og Hanna B. Grétarsd.

## Frjálsar - 8500 1 æfing, 12000 2 æfingar á viku á önn

Mánudaga 16.10-17.10. 3-6. bekkur

Mánudaga 17.10-18.30. 7.-10. bekkur

Miðvikudaga 16.20-17.40. 6.-10. bekkur

Þjálfari: Guðbjörg Viðarsdóttir

## Körfubolti – 18.000 krónur 3 æfingar á viku (3.-6.b.) og 20.000 krónur 4 æfingar á viku (7.-10.b.)

Mb.kvk. (3.-6.b): Mán 14.00-15.10, þri 15.10-16.20 og fös 13.30-14.40

Mb.ka. (3.-6.b): Mán 14.00-15.10, fim 15.10-16.15 og fös 13.30-14.40

7.-10.kvk. (7.-10.b): Mán 18.30-20, mið 15.10-16.20, fim 16-17.15 og fös 14.40-16

7.-10.ka. (7.-10.b): Mán 18.30-20, þri 17.50-19, fim 17.15-18.30 og fös 14.40-16

Þjálfari: Árni Þór Hilmarsson (aðrir óráðnir en verða kynntir þegar það skýrist betur)

## Blak – upplýsingar um æfingagjöld hjá stjórnnum deilda

Konur – Þriðjudaga 19.00-20.30 og fimmtudaga 18.30-20.00

Karlar – Mánudaga 20.00-21.30 og fimmtudaga 20.00-21.30

## Karlasport – námskeið sem eru mislög og gjöldin eftir því. Nánar auglýst síðar.

Þjálfari – Margrét Guðmundsdóttir

## Old boys sport

Knattspyrna á mánudögum 21.30-22.30

Körfubolti á miðvikudögum 19.40-20.40

## Tækjasalur – opinn mán-fim 16.00-21.30 og fös 13.00-18.00

Tækjasalur: 700 kr. ( 67 ára og eldri og öryrkjar frítt)

10 miðar 3.800 kr.

Mánaðarkort 4.800 kr.

Árskort í tækjasal 23.200 kr.

Árskort m/sundlaug 29.000 kr. í tækjasal og sund.